

L Ö G

109

27. des.

um framlenging á gildi laga nr. 33 7. maí 1928, um skattgreiðslu
h/f Eimskipafélags Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með sam-
þykki mínu:

1. gr.

Lög nr. 33 7. maí 1928, um skattgreiðslu h/f Eimskipafélags Íslands, skulu gilda
árið 1953 og 1954, enda verji félagið tekjuafgangi sínum, þá er það hefur greitt hlut-
höfum 4% arð, venjuleg sjóðstillög og útsvar samkvæmt framangreindum lögum, til
kaupa á skipum eða á annan hátt í þágu samgöngumála.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 27. desember 1952.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

L Ö G

110

29. des.

um eignarnám jarðarinnar Svínadals í Kelduneshreppi í Norður-
Þingeyjarsýslu.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með sam-
þykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka eignarnámi jörðina Svínadal í Kelduneshreppi
í Norður-Þingeyjarsýslu.

2. gr.

Þegar eignarnám hefur farið fram samkv. 1. gr., skal leita umsagnar nýbýla-
nefndar um, á hvern hátt jörðin verði bezt nýtt, og er ríkisstjórninni heimilt að
selja eða ráðstafa jörðinni á annan hátt í samræmi við tillögur nýbýlanefndar, en
þó skal Kelduneshreppur ávallt hafa forkaupsrétt að þeim hluta jarðarinnar, er
telja verður afréttarland. Um söluverð jarðarinnar eða hluta hennar skal fara eftir
mati dómkvaddra manna.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 29. desember 1952.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Hermann Jónasson.